

dóttir, sem þar er talin vera. Jafnframt heimilast með vísan til 48. gr. laga nr. 74/1974 leit í húsakynnum, þ.m.t. útihúsum á bænum, að alifuglum, sem þar kunna að finnast, og leggja hald á.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Leit skal fara fram í húsakynnum, þar með töldum útihúsum, á bænum Barðastöðum, Staðarsveit, og handtaka þar Guðrún Halldórsdóttur.

Ennfremur má leit fram fara á sama stað að alifuglum, sem þar eru, og hald leggja á.

Þriðjudaginn 15. maí 1984.

Nr. 129/1982. **Sigurjón Ari Sigurjónsson**

(Brynjólfur Kjartansson hrl.)

gegn

**Eiríki Tómassyni skiptastjóra**

**f.h. þrotabús Þryms h/f**

**og Ragnari Halldóri Hall skiptaráðanda**

**í Reykjavík**

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Gjaldprotaskipti. Kaupkrafa. Forgangskrafa. Sératkvæði.

#### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi áfrýjaði málinu upphaflega með stefnu 30. apríl 1981. Með dómi Hæstaréttar 6. júní 1983 var málinu vísað frá Hæstarétti. Því var áfrýjað að nýju með stefnu 28. júní 1983 samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973. Krefst áfrýjandi þess, að krafa sín að fjárhæð 27.058.50 krónur, verði viðurkennd sem forgangskrafa í

þrotabú Þryms h/f. Hann krefst einnig málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefndu er krafist staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Um það virðist ekki vera ágreiningur, að áfrýjandi var starfsmaður Þryms h/f, er hlutafélagið hætti starfsemi sinni 30. apríl 1980, og eigi heldur um það, að áfrýjandi hafi mátt líta svo á, að með því hefði Þrymur h/f slitið vinnusamningi þeirra frá greindum tíma talið.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagður starfssamningur milli áfrýjanda og Þryms h/f, dags. 2. nóvember 1979, og kjarasamningur Verslunarmannafélags Reykjavíkur, sem vitnað er til í starfssamningnum. Sýna þau gögn, að á þeim tíma, er hér skiptir máli, átti áfrýjandi rétt á 3 mánaða uppsagnarfresti hjá Þrymi h/f.

Eins og í hinum áfrýjaða úrskurði greinir, nam sú krafa áfrýjanda, sem ágreiningur er um, 27.058.50 krónum. Við flutning málsins fyrir Hæstarétti urðu aðiljar ásáttir um, að tölulega rétt væri krafan 24.643.20 krónur og væru það þau laun, er áfrýjandi hefði átt að njóta hjá Þrymi h/f í maí - júlí 1980, en að frádregnum launum, sem hann fékk á þeim tíma frá Rafiðjunni h/f.

Eiríkur Tómasson héraðsdómslögmaður, nú hæstaréttarlögmaður, var kosinn skiptastjóri þrotabús Þryms h/f á skiptafundi 10. febrúar 1981. Áður hafði skiptaráðandi ráðið hann bústjóra til bráðabirgða, sbr. 86. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Hann fór því með bústjórn í þrotabúinu samkvæmt XIII. kafla laganna og átti að taka afstöðu til lýstra krafna, sbr. 108. gr. laganna. Hvorki hann né nokkur þeirra kröfuhafa, er skiptafund höfðu sótt, véfengdi réttmæti kröfu þeirrar, er áfrýjandi lýsti í búið. Eigi báru þeir heldur brigður á, að áfrýjandi hefði átt rétt til þess uppsagnarfrests, sem miðað var við í kröfulýsingunni, eða að krafa áfrýjanda væri rétt reiknuð. Sjálfur lagði áfrýjandi fram launaseðla frá Þrymi h/f, er sýndu launagreiðslur Þryms h/f til hans, og gerði grein fyrir launahækkunum, sem hann hefði eftir það átt að njóta vegna hækkana á kaupgjaldsvísitölu.

Samkvæmt framansögðu voru ekki efni til þess, að skiptaráðandi hafnaði kröfu áfrýjanda í þrotabúið með úrskurði sínum, svo sem hann gerði, sbr. og 2. mgr. 122. gr. gjaldþrotalaga. Skal í því sam-

bandi sérstaklega tekið fram, að 105. gr. gjaldþrotalaganna veitti skiptaráðanda ekki sérstakt tilefni til úrskurðar þessa, eins og hér stóð á.

Með vísan til þess, sem rakið hefur verið, ber að fella hinn áfrýjanda úrskurð úr gildi og viðurkenna framangreinda kröfu áfrýjanda að fjárhæð 24.643.20 krónur sem forgangskröfu í þrotabú Þryms h/f samkvæmt 2. tl. 84. gr. laga nr. 3/1878, sbr. 1. gr. laga nr. 23/1979, og 122. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978.

Rétt er, að stefndi þrotabú Þryms h/f greiði áfrýjanda 11.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

#### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og er krafa áfrýjanda, Sigurjóns Ara Sigurjónssonar, að fjárhæð 24.643.20 viðurkennd sem forgangskrafa í þrotabú Þryms h/f samkvæmt framangreindum lagaákvæðum.

Stefndi þrotabú Þryms h/f greiði áfrýjanda 11.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

#### S é r a t k v æ ð i

##### **Björns Sveinbjörnssonar hæstaréttardómara.**

Af gögnum málsins kemur fram, að Eiríkur Tómasson héraðsdómslögmaður, nú hæstaréttarlögmaður, var kosinn skiptastjóri hins stefnda þrotabús á fyrsta skiptafundi eftir lok kröfulýsingarfrests 10. febrúar 1981, sbr. 1. mgr. 90. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Hann hafði áður verið ráðinn bústjóri til bráðabirgða, sbr. 86. gr. laganna. Fundi þessum var frestað til 27. febrúar 1981. Lagði skiptaráðandi þá fram skrá og álitsgerð um lýstar kröfur, svo sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 108. gr. gjaldþrotalaganna. Er skráin undirrituð af skiptaráðandanum 20. sama mánaðar. Á skrána var rituð athugasemd um, að kröfu áfrýjanda, sem ágreiningur er um í máli þessu, væri hafnað vegna vanreifunar. Umboðsmaður áfrýjanda krafðist þess á skiptafundinum, að krafan yrði viðurkennd sem forgangskrafa í þrotabúið og „tekin til greina með úrskurði.“ Hvorki skiptastjóri, sem var á fundinum, né neinn af kröfuhöfum andmælti kröfu áfrýjanda. Ekki gaf skiptaráðandi áfrýjanda né

skiptastjóra, sbr. 1. mgr. 91. gr. gjaldþrotalaga, kost á að reifa málið frekar, sbr. 135. gr. laganna, og ekki boðaði hann til annars skiptafundar, sbr. 2. mgr. 110. gr. gjaldþrotalaga. Á dómþingi skiptaréttar 20. mars 1981 tók skiptaráðandi kröfu áfrýjanda til úrskurðar og kvað síðan upp hinn áfrýjaða úrskurð. Málsmeðferð þessi brýtur gegn þeirri grundvallarreglu réttarfars, að dómari skuli gefa aðiljum máls kost á að tala máli sínu, áður en dómur eða úrskurður er kveðinn upp. Verður því ekki hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð og meðferð málsins frá og með þinghaldi 27. febrúar 1981 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppkvaðningar úrskurðar að nýju.

Það athugast, að rétt hefði verið, að skiptastjóri gerði skrá þá og álitserð um lýstar kröfur, sem lögð var fram á skiptafundi 27. febrúar, sbr. 1. mgr. 108. gr. gjaldþrotalaga.

Þar sem meirihluti dómara Hæstaréttar er ekki sammála þessari úrlausn, mun ég samkvæmt 1. mgr. 53. gr. laga nr. 75/1973 greiða atkvæði um efni máls.

Með skírskotun til þess, sem segir í forsendum fyrir atkvæði meiri hluta dómara, er ég samþykkur dómsorði þeirra.

### Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 20. mars 1981.

Mál þetta var tekið til úrskurðar fyrr í dag.

Með úrskurði, uppkveðnum 13. október 1980, var bú Þryms h.f., Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Innköllun til skuldheimtumanna birtist fyrra sinni í Lögbirtingablaði, sem út kom 5. nóvember 1980.

Sóknaraðili máls þessa, Sigurjón Ari Sigurjónsson, Stuðlaseli 8, Reykjavík, hefur með bréfi, dagsettu 25. nóvember 1980, lýst kröfu í búið. Segir m.a. í kröfulýsingu hans:

„Krafan grundvallast á dómi bæjarþings Reykjavíkur í málinu nr. 5929/1980 Sigurjón Ari Sigurjónsson gegn Vélsmiðjunni Þrym h/f, en mál þetta var höfðað til staðfestingar á lögghaldi, sem fram fór þann 22. apríl sl. til tryggingar kröfu þessari. Dómsorðið hljóðar svo:

„Framangreint lögghald er staðfest fyrir dómkröfu.

Stefndi Vélsmiðjan Þrymur h/f greiði stefnanda Sigurjóni Ara Sigurjónssyni kr. 1.645.616.- með 31% ársvöxtum frá 1. maí 1980 til greiðsludags og kr. 221.200 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.“

Til viðbótar dómkröfu þeirri, sem hér er lýst, er krafist launa vegna uppsagnarfrests, en réttur Sigurjóns er til launa í uppsagnarfresti í 3 mánuði.

Hér er gerð krafa um laun í uppsagnarfresti tímabilið frá 30. apríl 1980 er hann hættir störfum og til 24. júní 1980 er hann byrjar starf annars staðar og nemur sú krafa kr. 2.616.950.-.

Einnig er gerð krafa um greiðslu mismunar á launum þeim er Sigurjón hafði hjá Vélsmiðjunni Þrym h/f og þeirra launa er hann hafði í hinu nýja starfi, en þau laun voru verulega lægri. Er sú krafa fyrir tímabilið frá 25. júní 1980 til loka uppsagnarfrestsins þ.e. 1. ágúst 1980 og nemur sú krafa kr. 688.900.-. Kröfum þessum er nánar lýst í meðfylgjandi bréfi Sigurjóns Ara Sigurjónssonar.

Gerð er krafa til vaxtagreiðslu eins og í bréfinu er lýst.

Auk þess er hér með krafist greiðslu á málskostnaði kr. 221.200.-, innheimtukostnaðar vegna síðari hluta kröfu kr. 278.942 og vegna móts í skiptarétti kr. 19.000.-, allt samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í.

Launakröfu þessari er lýst í gjaldþrotabúið sem forgangskröfu.“

Skiptaráðandi ritaði sóknaraðilja bréf 9. febrúar 1981, þar sem tilkynnt er, að skiptaráðandi hafi tekið þá afstöðu til kröfunnar, að hafna beri viðurkenningu að því er varðar kr. 6.000.00, og að hafna beri að svo stöddu viðurkenningu að því er varðar kr. 27.058.50. Jafnframt er í bréfi þessu tekið fram, að til þess að vaxtakrafa komi til álita á kröfuskra, þurfi að greina fjárhæð hennar á upphafsdegi skipta. Var sóknaraðilja gefinn frestur til að bæta úr eða rökstyðja kröfur sínar frekar til 20. sama mánaðar. Áður, eða með bréfi, dags. 4. febrúar 1981, hafði sóknaraðilja verið tilkynnt, að endanleg afstaða til lýstra krafna yrði tekin á skiptafundi 27. sama mánaðar.

Hinn 10. febrúar 1981 barst frá sóknaraðilja bréf vegna vaxtakröfu hans. Þar segir m.a.:

„Hér með sendast yður upplýsingar um upphæð vaxtakrafna hinn 13. október við upphaf skipta í þrotabúi Vélsmiðjunnar Þryms h.f. hjá eftirgreindum kröfuhöfum. ... Sigurjón Ari Sigurjónsson, vextir gkr. 434.773.-, lögh. kostn. gkr. 7.028.-.“

Önnur gögn bárust skiptaráðanda ekki fyrir 20. febrúar 1981 varðandi kröfu sóknaraðilja.

Skrá yfir lýstar kröfur, gerð samkvæmt 108. gr. gjaldþrotalga nr. 6, 1978, var lögð fram á skiptafundi 27. febrúar 1981. Var framangreind afstaða skiptaráðanda til kröfugerðar sóknaraðilja þar tilgreind óbreytt frá því, sem sóknaraðilja hafði verið áður tilkynnt um. Voru þá af hálfu sóknaraðilja lögð fram ný gögn varðandi þann þátt kröfugerðar hans, sem skiptaráðandi hafði að svo stöddu ekki fallist á, að tekinn skyldi til greina, og þess um leið krafist, að margnefnd krafa um, að laun sóknaraðilja í uppsagnarfresti verði með úrskurði tekin til greina sem forgangskrafa. Af hálfu annarra kröfuhafa, sem mættir voru á fundinum, var kröfugerð

sóknaraðilja ekki andmælt, og eru engar kröfur gerðar í máli þessu af hálfu varnaraðilja.

Leggja verður úrskurð á mál þetta samkvæmt 118. gr. laga nr. 85, 1936 samkvæmt framlögðum skjölum og skilríkjum og málsútlistun sóknaraðilja.

Með upphaflegri kröfulýsingu sóknaraðilja fylgdi skýrsla hans sjálfs, þar sem fram kemur, hvernig umræddar fjárhæðir eru reiknaðar. Segir þar m.a.:

„Frá 29. apríl 1980, er ber mér með réttu 3ja mánaða laun þar sem mér hafði ekki verið sagt upp störfum. Hins vegar réðst ég til starfa til Rafiðjunnar hf. sem framkvæmdastjóri hinn 26. júní, og tel mig þar af leiðandi eiga rétt til launa til þess tíma, ásamt mismun þeirra laun, sem ég fæ hjá Rafiðjunni frá 26. júní 1980 til 1. ágúst 1980, þar sem þau laun sem ég fæ nú eru lægri, en ég hafði hjá vélsmiðjunni Þrymur h.f. Launa-kröfur mínar eru því eftirfarandi:

Laun fyrir vikunar:

|                                 |             |
|---------------------------------|-------------|
| 30. apríl til 6. maí 1980 ..... | Kr. 241.522 |
| 7. maí til 13. maí 1980 .....   | — 241.522   |
| 14. maí til 20. maí 1980 .....  | — 241.522   |
| 21. maí til 27. maí 1980 .....  | — 241.522   |
| 28. maí til 3. júní 1980 .....  | — 241.522   |

(Hinn 1. júní verður 11,7% hækkun launa).

|                                  |             |                |
|----------------------------------|-------------|----------------|
| 4. júní til 10. júní 1980 .....  | Kr. 269.780 |                |
| 11. júní til 17. júní 1980 ..... | — 269.780   |                |
| 18. júní til 24. júní 1980 ..... | — 269.780   | Kr. 2.016.950. |

Mismunur launa frá 25. júní til 1. ágúst 1980, 5 vikur á 269.780 — 1.348.900, að frádregnum launum mínum hjá Rafiðjunni h.f. frá 26. júní til 1. ágúst 1980, kr. 660.00      Kr. 688.000

... Reykjavík, 26. nóvember 1980 ...“

Auk skýrslu þessarar fylgdi kröfulýsingunni vottorð Rafiðjunnar h/f um, að sóknaraðili hafi byrjað störf hjá því félagi, 26. júní 1980.

Þau gögn, sem af hálfu sóknaraðila voru lögð fram á skiptafundinum eru, auk gagna sem áður höfðu komið fram, ljósrit af launaseðlum merktum sóknaraðilja, bæði frá Rafiðjunni h/f og Þrym h/f, svo og „yfirlit yfir hækkanir, sem orðið hafa á kaupum frá samningnum 22. 6. 1977.“

Samkvæmt launaseðlum frá Þrym h/f hefur sóknaraðili fengið — eða átt að fá — greidd laun vikulega. Ekki kemur þar fram, hvernig fjárhæð launa er fundin, heldur er þar einungis greint nafn launþegans og fjárhæð vikukaupsins.

Engin gögn hafa verið lögð fram í málinu um, hver launakjör sóknaraðila voru, meðan hann starfaði hjá Þrym h/f, hvorki kjarasamningur, ráðnignarsamningur né neitt annað, er styður einhliða fyllyrðingu hans um, að honum beri laun fyrir uppsagnarfrest af eignum búsins. Er af þeirri ástæðu eigi unnt að fallast á kröfugerð hans í máli þessu.

Ragnar Halldór Hall, borgarfégeti, kvað upp úrskurð þennan.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, Sigurjóns Ara Sigurjónssonar, er hafnað.

Þriðjudaginn 15. maí 1984.

Nr. 130/1983. **Valur Vilhjálmsson**

(Brynjólfur Kjartansson hrl.)

gegn

**Eiríki Tómassyni skiptastjóra**

**f.h. þrotabús Þryms h/f**

**og Ragnar Halldóri Hall, skiptaráðanda**

**í Reykjavík**

(Jón Steinar Gunnlagsson hrl.)

Gjaldþrotaskipti. Kaupkrafa. Forgangskrafa. Sératkvæði.

#### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi áfrýjaði málinu upphaflega með stefnu 30. apríl 1981. Með dómi Hæstaréttar 6. júní 1983 var málinu vísað frá Hæstarétti. Því var áfrýjað að nýju með stefnu 28. júní 1983 samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973. Krefst áfrýjandi þess, að krafa sín að fjárhæð 14.380.20 krónur verði viðurkennd sem forgangskrafa í